

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0050
IAS

Efni: Þorlákshafnarlína 2. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi, dags. 27. nóvember 2024, þar sem Skipulagsstofnunóskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna Þorlákshafnarlínu 2.

Jarðstrengurinn mun ekki fara um friðlýst svæði en hann mun liggja um svæði sem heyra undir sérstaka vernd samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk svæða á C-hluta náttúruuminjaskrár. Jarðstrengurinn liggur að hluta um votlendissvæðið Ölfusforir eða Forir sem eru á C-hluta náttúruuminjaskrá (aðrar náttúruuminjar), en áin Varmá sem fjallað er um í kafla 4.2 er hluti af þessu svæði. Ölfusforir er 2.340 ha svæði innan Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar, og afmarkast við neðanverða Ölfusá að vestan og eru viðáttumiklar og blautar engjar með tjörnum, skurðum, kaldavermslum og laugum. Þar er mikið og fjölskrúðugt fuglalíf á öllum árstímum. Í þá liggur strengurinn einnig um votlendissvæðið Suðurlandsundirlendi (einnig mikilvægt fuglasvæði) en fjallað er nánar um það í kafla 4.1.2 um fugla. Fyrirhuguð strengleid liggur að hluta um nútímahraun en þau eru á lista yfir jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Undir 61.gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd falla einnig stöðuvötn og tjarnir stærri en 1.000 m². Vatn sem liggur við innkeyrsluna inn Ölfusfórir fellur í þennan flokk en strengurinn mun liggja í jaðri vatnsins. Þá liggja nokkrir hverir og heitar uppsprettur í grennd við jarðstrengsleiðina og falla þeir einnig undir sömu grein laga um náttúruvernd.

Fyrirhuguð strengleid þverar hverfisverndarsvæðið HV1: Varmá, bakkar hennar og Hengilssvæðið innan Hveragerðisbæjar. Varmá og Hengilssvæðið eru á skrá yfir aðrar náttúruuminjar í Náttúruuminjaskrá (nr. 751 og 752). Hverfisverndinni er ætlað að renna frekari stöðum undir verndun vatnasviðs Grensdalsár, Reykjadalssár og Hengladalaár, sem allar falla í Varmá, og tryggja óheft aðgengi meðfram bökkum árinna og viðhalda opinni sýn að ánni. Varmá er talin hafa sterkt landslagseinkenni og þannig setja mikinn svip á Hveragerði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð framkvæmdaaðila og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun tekur undir að rask verður að mestu leyti á svæðum sem þegar hefur verið raskað og þess verði fyrst og fremst vart á framkvæmdatíma og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur